

## Fs Lögmæti setu bæjarráðsfulltrúa

**Til** : Ellen Mjöll Magnúsdóttir Hlíðberg  
**Frá** : Gísli Halldór Halldórsson  
**CC** : Helga María Pálsdóttir  
**Heiti** : Fs Lögmæti setu bæjarráðsfulltrúa  
**Málsnúmer** : 2108274  
**Málsaðili** : Bæjarráð Árborgar  
**Skráð dags** : 24.08.2021 12:14:18  
**Höfundur** : Gísli Halldór Halldórsson

**Frá:** Guðjón Bragason

**Sent:** þriðjudagur, 24. ágúst 2021 10:14

**Til:** Gísli Halldór Halldórsson

**Efni:** RE: Lögmæti setu bæjarráðsfulltrúa

Sæll Gísli,

Varðandi röð varamanna í bæjarráð gildir 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Þar er kveðið á um tvær mögulegar leiðir, þ.e. 1) að varamenn séu kosnir af sveitarstjórn og séu jafn margir og aðalmenn eða 2) að varamenn aðalmanns verði varamenn í þeirri röð sem þeir skipuðu lista til sveitarstjórnar. Ákvæðið hljóðar svo, sbr. 3. mgr. 36. gr.:

Aðalmenn í byggðarráði skulu koma úr hópi aðalmanna í sveitarstjórn. Varamenn skal einnig velja úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórninni. Heimilt er þó að ákveða að aðalfulltrúar og varafultrúar af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar.

Af framangreindu ákvæði laganna leiðir að það er hveðrar sveitarstjórnar að ákveða í samþykkt sveitarfélags hvor aðferðin er valin við skipan varamanna. Ég hygg að flest sveitarfélög hafi valið leið 1) en Árborg er hins vegar í hópi þeirra sveitarfélaga sem hafa valið leið 2), sbr. 27. gr. samþykktar sveitarfélagsins, sem er svohljóðandi:

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá aðalmenn í bæjarráð til eins árs. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Aðalfulltrúar og varafultrúar af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður verða varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til bæjarstjórnar. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs úr hópi kjörinna bæjarráðsmanna.

Leið 2) hefur þann kost fram yfir leið 1) að framboðslisti getur leitað neðar á lista ef bæði aðalmaður og næsti varamaður eru forfallaðir. Í því tilviki sem þú lýsir í fyrirspurn þinni liggur fyrir að samþykkt Sveitarfélagsins Árborgar heimilar að á fundi bæjarráðs komi varamaður sem skipaði 3. sæti á framboðslista ef þeir sem skipuðu tvö efstu sæti lista eru báðir forfallaðir.

Eftir stendur þá spurningin um hvort framkvæmd kosningar í bæjarráð sveitarfélagsins 9. júní sl. takmarki heimild framboðslista til að beita þeirri reglu sem kveðið er á um í 27. gr. Mín ráðgjöf til sveitarfélagsins hlýtur að vera sú að ákvæði bæjarmálasamþykktar gangi framar niðurstöðu kosningarinnar og að ekki sé rétt að meina 3. manni á framboðslista að taka sæti í bæjarráði af þeirri ástæðu að kosning í bæjarráð fór fram á annan veg en kveðið er á um í samþykktinni. Önnur niðurstaða myndi augljóslega takmarka rétt framboðslista til að eiga fulltrúa á fundum bæjarráðs. Eðlilegt er hins vegar, í ljósi þess að gallar reyndust vera á framkvæmd kosningarinnar, að hún verði endurtekin á næsta fundi bæjarstjórnar og þá færð rétt til bókar að einungis séu kosnir aðalmenn jafnframt því að taka fram hver verði formaður ráðsins.

Ef ágreiningur verður um framangreint er sá möguleiki ávallt fyrir hendi að beina erindi til ráðuneytisins.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga,  
Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs